



Reykjavík, 03. mars 2023

Til: Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins

Varðandi: Mál nr. 50/2023 Birt: 01.03.2023

Umsögn: Helga Bragadóttir, prófessor, deildarforseti Hjúkrunar- og ljósmerðurfræðideilda Háskóla Íslands, formaður fagráðs hjúkrunarstjórnunar Landspítala

Málsefni: Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra boðar til samráðs um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025

### Umsögn

Fyrir hönd Hjúkrunar- og ljósmerðurfræðideilda Háskóla Íslands fagna ég mjög metnaðarfullri stefnu og ítarlegri *Tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025.* Tillagan tekur til margar þátta sem snerta flesta fleti þekkingarsköpunar og nýtingu bestu þekkingar og þar með kjarna og starfsemi háskóla. Hjúkrunarfæði og ljósmerðurfræði, sem báðar eru stundaðar og kenndar við Hjúkrunar- og ljósmerðurfræðideild Háskóla Íslands, eru fræðigreinar sem láta til sín taka innanlands og á alþjóðlegum vettvangi. Deildin hefur ítrekað undanfarin ár, verið metin með þeim bestu í heimi á alþjóðlegum matslistum, sjá Shanghai Ranking <https://www.shanghairanking.com/institution/university-of-iceland> og mikilvægt að gæðum deildar sé við haldið.

Hjúkrun í Háskóla Íslands fagnar 50 ára afmæli í ár og má með sanni segja að rannsóknir og þekkingarþróun í hjúkrunar- og ljósmerðurfræðum hafi tekið stökkbreytingum á þeim tíma. Háskólinn er eini skóli landsins sem býður upp á nám í hjúkrunarfæði á öllum háskólastigum þ.e. BS, MS og PhD. Þekking og þekkingarþróun er forsenda þess að kenna og leiðbeina nýjum kynslóðum hjúkrunarfæðinga og ljósmerðra og er einnig forsenda þróunar og gæða heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Til þess að vel takist til með vísindi og kennslu í hjúkrunar- og ljósmerðurfræðum til framtíðar og þátttöku hjúkrunarfæðinga og ljósmerðra í eflingu þekkingarsamfélags á Íslandi, vill undirrituð benda á þætti sem skortir í þeim stefnumótandi aðgerðum sem settar eru fram í umræddri tillögu til þingsályktunar.

- Sérfræðingar í hjúkrun.** Á bls. 9-10 í tillöggunni er sérstaklega talað um mikilvægi þess að fjölga nemendum í heilbrigðisvísendum og þar með talið hjúkrunarfæðingum og ljósmerðrum. Þar er talað um að sérfræðinám á Íslandi verði efti frekar, en þó eingöngu talað um sérfræðinám lækna. Sérfræðingar í hjúkrun og þ.m.t. ljósmerðurfræði, gegna lykil hlutverki í kennslu og þjálfun nemenda í þeim fræðigreinum. Því er ekki síður mikilvægt að sett sé í tillöguna umfjöllun um hvernig fjölga á sérfræðingum í hjúkrun, en sú fjölgun þarf að eiga sér stað í samstarfi Háskóla Íslands og klínískra heilbrigðisstofnana með aðkomu yfirvalda.

Lagt er til að bætt verði í kaflann *Aðgerðir sem styðja við markmið í háskóla- og vísindastarfi til ársins 2025* að fjölga nemendum í meistaránámi í hjúkrunarfæði og ljósmerðurfræði, fjölga hjúkrunarfæðingum og ljósmerðrum í sérfræðiþjálfun sambærilegri þeirri sem Landspítali hefur boðið upp á, og að fjölga sérfræðingum í hjúkrun og ljósmerðurfræði í heilbrigðisþjónustu svo sem á sjúkrahúsum, heilsugæslum, samfélagsþjónustu og hjúkrunarheimilum.



2. Akademískir kennarar í hjúkrun. Forsendur þess að bjóða upp á rannsóknatengt háskólanám er að hafa akademíská kennara á fræðasviðinu. Á síðastliðnum 50 árum hefur í Háskóla Íslands verið byggð upp öflug háskóladeild í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum, sem stenst samanburð við það besta sem gerist í heiminum. Deildin var byggð upp af áræðnum framsýnum frumkvöðlum í hjúkrunarfræði, læknisfræði og ljósmóðurfræði, sem settu markið hátt og sættu sig aðeins við það besta fyrir íslenskt samfélag. Samhliða skorti á klínískum hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum, er skortur á akademískum kennurum (hjúkrunarfræðingum með doktorspróf sem eru hæfir til háskólastarfa) í hjúkrunarfræði og er það ein stærsta áskorun Háskóla Íslands til viðhalds og eflingar kennslu og vísindum í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum. Nauðsynlegur fjöldi akademískra kennara í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði er grundvallar skilyrði fyrir því að efla þekkingarsamfélag á Íslandi og verður tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir í þeim efnum að taka tillit til þess og fjalla um þann þátt sem slíkan. Lagt er til að bætt verði í kaflann *Aðgerðir sem styðja við markmið í háskóla- og vísindastarfi til ársins 2025* að fjölga hjúkrunarfræðingum með doktorspróf á Íslandi og að tryggja næga mönnun akademískra kennara í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði við Háskóla Íslands.

Virðingarfyllst,

Helga Bragadóttir, hjúkrunarfræðingur, PhD, FAAN,  
þrófessor, deildarforseti Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands og formaður fagráðs  
hjúkrunarstjórnunar Landspítala.